

## Hverfisgata 12, athugasemdir við grenndarkynningu, Víðir og Harpa

**Til** : Skipulag  
**Frá** : Harpa Johannesdóttir <harpakj@gmail.com>  
**Heiti** : Hverfisgata 12, athugasemdir við grenndarkynningu, Víðir og Harpa  
**Málsnúmer** : 2104435  
**Málsaðili** : Guðmundur Már Ástþórsson  
**Skráð dags** : 10.01.2022 22:55:47  
**Höfundur** : Harpa Johannesdóttir <harpakj@gmail.com>

Sæl Ósk Soffía,

Við fengum áframsenda grenndarkynningu frá Skúla nágretta okkar á Hverfisgötu 14, en fengum ekki senda neina kynningu frá Hafnarfjarðarbæ.

Okkur finnst í fyrsta lagi sorglegt að Hafnarfjörður hafi úthlutað lóðinni á Hverfisgötu 12, sem hefur verið mikið notuð sem leiksvæði barna í hverfinu og þá sérstaklega þegar er snjór og krakkar og foreldrar flykkjast í garðinn með snjóþoturnar sínar.

Það síðasta sem við höfum heyrt um ráðstafanir vegna þessarar lóðar var að henni hefði verið úthlutað sem flutningslóð og heyrðum við um nokkur hús sem komu til greina að flytja þangað og þar á meðal Hendrikshúsið. Við settum okkur ekki upp á móti þeim breytingum, þó svo að mikil eftirsjá væri í garðinum sem leiksvæði fyrir börnin í hverfinu.

Heyrum svo fyrst núna að Hverfisgata hafi verið laus til úthlutunar í desember 2020, fyrir flutningshúsi eða nýbyggingu allt að 150 m<sup>2</sup>.

Það má búast við því að 150 m<sup>2</sup> húsi fylgi að minnsta kosti 2 bílar, en bílastæðamál eru nú þegar vandamál hér í götunni. Með stækkun á húsinu úr 150 m<sup>2</sup> í 200 m<sup>2</sup>, þá sér maður fyrir sér að möguleiki sé að hafa 2 íbúðir í húsinu, sem kallar á enn fleiri bílastæði.

Er ekki líka verið að fara langt yfir viðmiðunarmörk Hafnarfjarðar á nýtingarhlutfalli lóðar með því að auka það í 0,88?

Við höfnum því óskum eigenda Hverfisgötu 12 um stækkun á húsinu úr 150 m<sup>2</sup> í 200 m<sup>2</sup>.

Víðir Sigurðsson, kt: 120669-5169

Harpa Kristín Jóhannesdóttir kt: 200466-5439